



## Borgarráð

### ***Lækjargata / Vonarstræti, lagfæring á götu og gönguleiðum.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna lagfæringa á götum og gönguleiðum við Lækjargötu 10-12. Kostnaðaráætlun 2 vegna hluta Reykjavíkur er 40 m.kr. Áætlaður framkvæmdatími er apríl – júní 2022.

#### Greinargerð:

Um er að ræða lagfæringar á götu og breytingar á gangstéttum vegna uppbyggingar við Lækjargötu 10-12. Lögð verður snjóbræðsla í stéttar, gangstéttar breikkaðar og bílastæði í Lækjargötu felld niður. Gert verður sleppistæði framan við Lækjargötu 12 og komið fyrir bekkjum, hjólagrindum og götutrjám. Verkefnið er samstarfsverkefni með uppbyggingaraðila sem kostar framkvæmdir innan lóðar.

Kostnaðarstaður: 3105  
Kostnaðaráætlun 2: 40 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:  
Kynning



# Lækjargata 10-12

## Frágangur og breytingar

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



# Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin felur í sér lagfæringar og breytingar á gangstétt við Lækjargötu 10 – 12.


Um er að ræða lagfæringar eftir byggingu hótels við Lækjargötu 12 ásamt breytingum á gangstéttum í Vonarstræti og Lækjargötu við Lækjargötu 12. Breytingarnar felast m.a. í færslu á köntum, lögð verður snjóbræðsla í stéttar, gangstéttar breikkaðar og bílastæði feld niður. Gert verður sleppistæði framan við Lækjargötu 12 og komið fyrir bekkjum, hjólagrindum og götutrjám.

- Helstu verkþættir:
  - Upprif á núverandi köntum, hellulögn og malbiki
  - Snjóbræðslustofnar og dreifikista
  - Grásteinskantur endurlagður í nýrri legu
  - Jöfnun undir snjóbræðslu og snjóbræðsla
  - Hellulögn og leiðilínur
  - Uppsetning götugagna (bekkir, hjólagrindur og ruslastampar) og gróðursetning

Gert er ráð fyrir þrengingum í Lækjargötu út verktímann þ.e. að núverandi umferðarskipulag á svæðinu verði óbreytt á meðan á framkvæmdum stendur.



# Yfirlitsmynd





# Kostnaður og verktími

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í lok apríl og áætlað að þeim ljúki í júní 2022.

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er	53,5 mkr
Þar af hlutur byggingaraðila	15,0 mkr
<b>Áætluð kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar</b>	<b>38,5 mkr</b>





Reykjavík